

Nd. 311. Frumvarp til laga [184. mál]

um breyting á lögum um kosningar til Alþingis nr. 52 14. ágúst 1959 með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

1. gr.

2. másl. d-liðar 1. mgr. 13. gr., sbr. lög nr. 15 5. apríl 1974, orðist svo: Aðrir sendierindrekar annast og atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eftir ákvörðun viðkomandi forstöðumanns, svo og aðrir starfsmenn sendiráða, fastanefnda og sendiræðisskrifstofa eftir ákvörðun utanríkisráðuneytisins.

2. gr.

Við 2. mgr. 62. gr. bætist: svo og þeir, sem af trúarástæðum geta ekki sótt kjörfund á kjördegi.

3. gr.

65. gr. orðist svo:

Kosning utan kjörfundar fer svo fram að kjósandi stimplar eða ritar á kjörseðilinn bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa, og má hann geta þess, hvernig hann vill hafa röðina á listanum.

4. gr.

Við 1. mgr. 68. gr. bætist: þar skal og greina nafnúmer kjósanda.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 15 24. apríl 1982 og nr. 97 31. desember 1982.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér breytingar á nokkrum ákvæðum laga um kosningar til Alþingis, sem nánar er gerð grein fyrir við hverja grein.

Um 1. gr.

Lagt er til, að ekki þurfi að leita heimildar utanríkisráðuneytis til að sendierindrekar geti annast utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Jafnframt er lagt til að aðrir starfsmenn sendiráða, fastanefnda og sendiræðisskrifstofa geti annast atkvæðagreiðslu eftir ákvörðun ráðuneytis. Er hér um að ræða hliðstætt fyrirkomulag og í a-lið greinarinnar.

Um 2. gr.

Eftir að kjördagur var fluttur á laugardag hefur komið í ljós að það er eigi talið samrýmast trúarskoðun sumra manna að neyta kosningarréttar á laugardegi fyrir sólsetur. Á þetta hér fyrst og fremst við um Sjöunda dags adventista. Er talið rétt að koma til móts við þessa kjósendur og heimila þeim að greiða atkvæði utan kjörfundar, en óbreytt ákvæði 62. gr., sbr. 66. gr., eru nú talin standa í vegi fyrir því.

Um 3. gr.

Með lögum nr. 15 1982 var ákveðið að kjósendi skuli frá byrjun þessa árs að telja stimpla á kjörseðil bókstaf þess lista er hann vill kjósa, þegar kosning fer fram utan kjörfundar. Notkun stimpla fór fyrst fram við sveitarstjórnarkosningar á síðasta ári hjá 51 kjörstjóra af um 300. Talið er rétt að fengin verði frekari reynsla af stimplanotkun áður en endanlega verður kveðið á um að einungis skuli nota stimpla við utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Er því lagt til að ákvæðið verði orðað með sama hætti og gildi við kosningarnar á síðasta ári.

Um 4. gr.

Lagt er til að ákvæði um nafnnúmer, sbr. lög nr. 97 1982, flytjist í 68. gr.